

BÓKSÖLUFERÐIN Í AFTANÍVAGN- INUM GEKK VEL

Veðrið gengur niður

MB—Reykjavík, 27. okt.

Blaðið spurðist fyrir um veður og veðurhorfur í dag hjá Jóni Eyþórssyni, veðurfræðingi. Hann kvað norðanatt um allt land. Klukkan níu í morgun hefði verið stórhrið á Vestfirðum, allvíða 9 vindstig og snjócoma, og snjócoma hefði verið með allri norðurströndinni, suður á Dalatanga. Bjóst hann við stórhrið á Norður- og Norðausturlandi seinni partinn í dag. Hann kvað veður vera sæmilegt í inn-sveitum Húnavatnssýslu og Skagafirði og Eyjafirði, þar eð norðaustanáttin næði ekki inn í dalina.

Jón ætlar, að veðrið gangi niður á morgun, einkum um vestanvert landið, en búast mætti við, að það yrði þrálátara á Norðausturlandi. Sunnanlands mætti búast við hreinviðri með vægu frosti.


KH-Reykjavík, 27. okt.

Tíminn skýrði frá því í júlí-byrjun í sumar, þegar þrjú börn Ragnars Jónssonar lögðu upp í bóksöluferð um landið á jappa með vagn í eftirdragi. Blaðið talaði við Auði Ragnarsdóttur í dag og spurði hana hvernig ferðin hefði gengið.

— Ferðin gekk vel í heild, sagði Auður. Við fórum um Snæfellsnes og Suðurnes og austur fyrir fjall, allt austur að Hvolsvelli. — Þetta var mjög skemmtilegt, og við fengum þarna gott tækifæri til að skoða okkur um. Fólk tók okkur yfirleitt vel, og salan gekk eftir vonum.

— Við Erna systir mín skiptumst á að aka bílnum, þannig að önnur okkar var alltaf í Reykjavík í vinnu, meðan hin ók. Jón Óttar, bróðir okkar, var með allan tímann. Við sváfum og borðuðum í vagninum, og það gekk

Framh. á 15. síðu.



KH-Reykjavík, 27. okt. — Ásgerður Búadóttir, kona Björns Th. Björnssonar, opnaði í dag sýningu á myndvefnaði í vinnustofu sinni að Karfavogi 22. Á sýningunni sem verður opin frá kl. 2—10, til þriðjudagskvílds 6. nóvember, eru 13 stykki, bæði sléttfin og flosuð, þau eru til sölu og kosta allt frá kr. 2000—15.000. — Ásgerður nam myndlist við Konunglega Akademið í Kaupmannahöfn í 4 ár, en þá sneri hún sér að myndvefnaði og hefur eingöngu helgað sig þeirri listgrein síðan. Myndvefnaður hennar hefur komið fram á sýningum í München, Gautaborg, París og víðar. Sýning hennar núna mun vera hin fyrsta hérlandis í myndvefnaði eingöngu. — Myndin er af listakonunni í vinnustofu sinni að Karfavogi 22. (Ljós.: Oddur Ólafsson).

SENDI BÆJARSTJÓRNUNUM BRÉF UM SVIFBRAUTIR

KH-Reykjavík, 25. okt.

Ungur maður, Harry Vilhelmsson að nafni, þýskur að uppruna, en hefur búið hérlandis um 30 ára skeið, hefur lagt fram nýstárlegar tillögur til úrbóta í samgöngumálum á Íslandi. Hann sendi nýlega greinargerð um samgöngutækið svifbraut til borgaráðs Reykjavíkur og Bæjarstjórna Kópavogs, Hafnarfjarðar, Keflavíkur, Selfoss, Akureyrar og Neskaupstaðar.

Blaðið sneri sér til Harrys og spurði hann nánar um þetta mál. Sagði hann, að í greinargerðinni væri að finna fróðleik um þetta samgöngutæki, svo og uppdrátti að lagningu svifbrautar, bæði inn

an Reykjavíkur og út um land. — Sagðist hann lengi hafa haft þetta mál í huga og aflað sér um það góðra upplýsinga frá sérfróðum erlendis.

Svifbrautir eru nú að ryðja sér

til rúms úti í heimi, en sú elzta hefur verið rekin í borginni Wuppertal í V-Þýzkalandi í rúm 60 ár. Var hún fundin upp vegna þrengsla, sem ollu því, að ekki var hægt að byggja venjulega járnbraut. Nú síðustu árin hefur þessu samgöngutæki verið æ meiri gaumur gefinn, og eru nú m. a. komnar svifbrautir í New York, Glasgow, Tokió og víðar.

Eins og nafnið bendir til, er hér um að ræða brautarteina í loftinu, borna uppi af stöplum, og neðan í teinunum hangir farartækið. Hefur svifbrautin m. a. þann kost í för með sér, að til lagningu hennar þarf aðeins pláss fyrir stöplana, en ekki samhangandi lóðir. Þá er það einnig stór kostur, að brautin teppist aldrei vegna snjóá, og kæmi það sérstaklega vel, ef lögð yrði slík braut út um landsbyggðina. Brautin er rafmagnsknúin, og þar eð hún er rekin ofar öðrum samgöngum, geta lestir hennar farið með mestri stundvísi. Talið er, að stofnkostnaður svifbrautar sé hlutfallslega lítill og reksturinn ódýr.

Framhald á 13. síðu.

VILJA HELDUR GÖTURNAR HÉR EN TILRAUNABRAUTIR

JK-Reykjavík, 26. október

Frægd hinna afleitu gatna og vega okkar er óðum að

spyrjast út um heim. Nú hefur blaðið frétt, að næsta sumar ætli Renault-verksmiðjurnar að senda hingað bíla af nýrri eða endurbættari gerð og þolreyna þá hérlandis.

umboðsmann Renault hér, Reinhard Lárusson, til þess að fá nánari upplýsingar, en hann varðist allra fréttu.

Flestar bílaverksmiðjur hafa full komnar reynslubrautir þar sem gæði bílanna eru reynd. Hér til hliðar er mynd af einni slíkri með steypuklumpum, og er hún til þess að reyna, hvernig bílarnir þola hristing. Hinum megin er mynd af einni götunni hérna í rigningartíð, en slíkar götur munu líka vera ágætis til hristingsmælinga. — Renault-verksmiðjurnar munu vita það, auk þess sem slíkar prófanir hafa meira auglýsingagildi heldur en venjulegar prófanir.

Fyrir skömmu var hér fulltrúi frá verksmiðjunum, og athugaði hann möguleika á þessu. Von er á honum aftur til landsins í vetur. Ekki er vitað hvaða gerð hann vill reyna hér en sennilega er það gerð, sem er sérstaklega ætluð fyrir erfiða vegi.

Tíminn hafði í gær samband við

